

64

Viðauki

29. júní við 7. gr. í reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 30. júlí 1891.

»Eigi má eitra rjúpu fyrir refi nema því að eins, að báðir vængir sjeu áður stýfðir af henni, og skulu hreppsnefndir og sýslunefndarmenn sjá um, að þessa sje vandlega gætt«.

*

*

*

Samkvæmt lögum Nr. 11, 22. marz 1890 var ofanskráður viðauki við 7. gr. reglugjörðar um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júlí 1891, sem hlutadeigandi sýslunefnd hefur samið, staðfestur og löggiltur af amtsráði Suðuramtsins á aðal-fundi þess 21.—23. þ. m., og skal hann öðlast gildi 1. september 1894.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 29. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

65

Skýrsla

um aðal-fund amtsráðsins í Suðuramtinu dagana frá 21. júní til 23. sama mán. 1894.

Ár 1894, hinn 21. júní mánaðar var settur aðalfundur amtsráðs Suðuramtsins, og haldinn í fyrirlestrasal prestaskólans. Á fundinum voru mættir: hinn setti amtmaður Suðuramtsins, yfirdómari Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangárvallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnassýslu, Valdimar Briem prestur, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, hreppstjóri Þórður Guðmundsson; amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, prófastur Guðmundur Helgason, var ekki mættur.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti gat þess, að samkvæmt lögum Nr. 17, 16. september 1893, væri Austur-Skaptafellssýsla skilin frá Suðuramtinu, að því er sveitarstjórn snertir.
2. Eptir tillögu forseta var samþykkt, að telja kjörtíma hinna núverandi amtsráðsmanna frá 1. júní 1892, þannig að kjörtími þeirra, sem nú eiga að ganga úr ráðinu, teljist til 1. júní 1895, og hinna til 1. júní 1898, og svo á sama hátt eptirleidis, þannig, að kjörtíminn sje bundinn við 1. júní.
3. Samkvæmt þessari ákvörðun var varpað hlutkesti um, hverjir skyldu ganga úr amtsráðinu 1895, og fór það þannig, að úr amtsráðinu skyldu ganga, amtsráðsmenn Vestur-Skaptafellssýslu, Árnassýslu og Borgarfjarðarsýslu, og verður gjörð ráðstöfun til þess, að í þessum sýslum verði kosnir amtsráðsmenn og vara-amtsráðsmenn.

4. Rædd var og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1895, svólátandi: **65**

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1000,00	
2. Niðurjöfnun	3083,00	4083,00

Gjöld:

- | | | |
|--|---------|---------|
| 1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna | 500,00 | |
| 2. — ferðakostnaðar | 100,00 | |
| 3. — kennslu heyrnar- og málleysingja | 1100,00 | |
| 4. — sáttamálefna | 100,00 | |
| 5. Kostnaður við amtsráðið | 500,00 | |
| 6. Afborgun og vextir af láni Ölfusárbrúarinnar | 483,00 | |
| 7. Ýmisleg gjöld | 300,00 | |
| 8. Væntanlegar eptirstöðvar | 1000,00 | 4083,00 |
5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1893, með fylgiskjölum,
6. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1893, með fylgiskjölum,
7. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1893, með fylgiskjölum,
8. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld leiguliðasjóðs Suðuramtsins fyrir 1893, með fylgiskjölum,
9. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir árið 1893 og fram á árið 1894, með fylgiskjölum.

Endurskoðun jafnaðarsjóðsreikningsins og eldgosasjóðsreikningsins var falin amtsráðsmönnum Páli Briem og Þórði Guðmundssyni og endurskoðun hinna reikninganna var falin amtsráðsmönnum Guðlaugi Guðmundssyni og Valdimar Briem.

10. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1893:

- Vestur-Skaptafellssýslu
- Vestmannaeyjasýslu
- Rangárvallasýslu
- Árnessýslu, og
- Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Endurskoðun reikninganna fyrir Vestur-Skaptafellssýslu, Vestmannaeyjasýslu og Árnessýslu var falin amtsráðsmönnum Páli Briem og Þórði Guðmundssyni, og endurskoðun reikninganna fyrir Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var falin amtsráðsmönnum Guðlaugi Guðmundssyni og Valdimar Briem.

11. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af gjörðabókum sýslu- nefndanna:

65

- a, Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 29. og 30. janúar 1894, og var ekkert við þær að athuga.
- b, Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 15. ágúst 1893, 29. janúar og 4. maí 1894, og var ekkert við þær að athuga.
- c, Rangárvallasýslu, fundargjörðir 13. okt. 1893 og 10. og 11. apríl 1894, og var ekkert við þær að athuga.
- d, Árnessýslu, fundargjörðir 24.—26. apríl 1894, og var ekkert við þær að athuga.
- e, Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 23. nóvbr. 1893 og 24. maí 1894, og var ekkert við þær að athuga. — Sýslufundargjörðir úr Borgarfjarðarsýslu eru ekki komnar til amtsráðsins.

Síðan var fundi frestað til næsta dags.

Næsta dag 22. júní kl. 8 fyrir hádegi var fundur aptur settur og haldið áfram, og var þá mættur amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, prófastur Guðmundur Helgason, og voru þá tekin til umræðu þessi málefni:

- 12. Forseti lagði fram eptirrit af fundargjörðum sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu 8. maí 1894, og var ekkert að athuga.
- 13. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikning og sýsluvegasjóðsreikning Borgarfjarðarsýslu fyrir 1893, og var endurskoðun reikninganna falin amtsráðsmönnum Páli Briem og Þórði Guðmundssyni.
- 14. Endurskoðunarmenn jafnaðarsjóðsreikningsins lögðu fram reikninginn, og athuguðu það, að 809 kr. 38 aur. af útgjöldum Hvanneyrarskólans hefði verið greitt úr jafnaðarsjóði. Amtsráðið samþykkti nú eptir á útborgun á þessum styrk til skólans, og var reikningurinn samþykktur í heild sinni.
- 15. Endurskoðunarmenn leiguliðasjóðsreikningsins lögðu reikninginn fram, og var hann samþykktur án athugasemda.
- 16. Endurskoðunarmenn eldgosasjóðsreikningsins lögðu fram reikninginn, og var hann samþykktur án athugasemda.
- 17. Endurskoðunarmenn búnaðarskólasjóðsreikningsins lögðu fram reikninginn og gátu þess, að við rannsókn þessa reiknings hefðu þeir orðið varir við, að undanfarin ár hefðu sjóðnum eigi verið taldir til inngjalda vextir af skuldabryjfi Reykjavíkur kaupstaðar 4 kr. á ári. Samþykkt var að fela forseta, að gjöra ráðstafanir til þess, að vextirnir verði innheimtir og greiddir í sjóðinn.
- 18. Endurskoðunarmenn reiknings Hvanneyrarskólans lögðu reikninginn fram, og var hann samþykktur án athugasemda.
- 19. Endurskoðunarmenn sýslusjóðsreiknings Vestur-Skaptafellssýslu lögðu fram reikninginn, og var hann samþykktur án athugasemda.
- 20. Endurskoðunarmenn sýslusjóðsreiknings Vestmannaeyjasýslu lögðu fram reikninginn, og var hann samþykktur án athugasemda.
- 21. Endurskoðunarmenn sýslusjóðsreiknings Árnessýslu lögðu fram reikninginn og var hann samþykktur án athugasemda.

22. Endurskoðunarmenn sýslusjóðsreiknings Rangárvallasýslu lögðu fram reikninginn, og var hann samþykktur án athugasemda.
23. Forseti lagði fram bónarbrjef frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 31. f. m. með reikningi og skýrslum um skólann, þar sem nefndin biður um 100 kr. styrk til skólans, og var þessi upphæð veitt.
24. Forseti lagði fram landshöfðingjabrjef 19. þ. m., þar sem skýrt er frá, að landshöfðinginn hafi út af ákvörðun amtsráðsins á aðalfundi vorið 1892 og amtsbrjefum 20. júlí 1892 og 15. maí þ. á., gjört nauðsynlegar ráðstafanir til að endurbæta sæluhúsið á Kolviðarhóli, og að viðgjörðinni hafi verið lokið á stíðastliðnu hausti.
25. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 11. þ. m., þar sem hann ber fram fyrir amtsráðið beiðni frá Matthildi Guðmundsdóttur yfirsetukonu í Dyrhólahreppi um launahækkun, er sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu hefur neitað henni um. Amtsráðið ákvað að fela forseta sínum að afgreiða þetta mál til landshöfðingja, án þess að það fyndi ástæðu til að mæla með beiðni yfirsetukonunnar.
26. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 11. þ. m., þar sem hann biður um, fyrir hönd sýslunefndarinnar, að leyft verði að verja 150 kr. af sýsluvegagjaldi Vestur-Skaptafellssýslu til þess að styrkja gufubátsferðir til Víkur í Mýrdal, og var veitt leyfi til þess.
27. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 15. þ. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið staðfesti viðauka við 7. gr. reglugjörðar um grenjaleitir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, staðfestar 30. júlí 1891 svohljóðandi:
- »Eigi má eitru rjúpu fyrir refi nema því að eins, að báðir vængir sjeu stýfðir af henni, og skulu hreppsnefndir og sýslunefndarmenn sjá um, að þessa sje vandlega gætt«. — Amtsráðið staðfesti þennan viðauka.
28. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Árnassýslu, dags. 28. júní f. á., þar sem hann óskar að amtsráðið staðfesti breyting á reglugjörð um notkun afrjetta í Árnassýslu, en eptir tillögu amtsráðsmannsins úr Árnassýslu ákvað amtsráðið að fresta þessu máli, af því að sýslunefnd Árnassýslu er nú að undirbúa gagngjörða endurskoðun á þessari reglugjörð.
29. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, dags. 12. þ. m., þar sem hann óskar meðmæla til landshöfðingjans með þeirri tillögu sýslunefndarinnar, að aðalpóstveginum í Vestur-Eyjafjallahreppi verði breytt þannig, að hann verði ákveðinn frá Rípabru að Hvammsnúp norðan við Rimhús ál, ístaðinn fyrir að hann er nú fyrir sunnan álinn. Amtsráðið fól forseta að afgreiða mál þetta til landshöfðingjans með meðmælum þess.
20. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 15. desbr. 1893, þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki að greiða megi veittan styrk til ferða gufubátsins Elínar á Faxaflóa, sem alls er talinn um 800 kr., þannig, að helmingur greiðist úr sýsluvegasjóði og helmingur af niðurjöfnunargjaldi sýslunnar. Amtsráðið veitti samþykki sitt

65 til þessarar styrkveitingar, svo og til þess, að hún sje greidd á þennan hátt af sýslusjóðsgjaldi og sýsluvegagjaldi sýslunnar.

31. Forseti lagði fram brjef frá Magnúsi Ólafssyni á Hraðastöðum, dags. 12. maí 1894, þar sem hann óskar eptir, að fá sanngjarnt endurgjald fyrir húðir, er landlæknirinn fyrirskipaði að skyldi brenna til tryggingar gegn útbreiðslu á miltisbrandi vorið 1892 á heimili hans. Með tilliti til hinna sjerstöku fyrirbyggjandi atvika samþykkti amtsráðið að veita beiðandanum 40 kr. í þóknunarskyni fyrir þetta.
32. Forseti lagði fram reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. fyrir Rangárvallasýslu, er samin hefir verið og samþykkt af sýslunefndinni. Amtsráðið yfirfór reglugjörðina, staðfesti hana og ákvað, að hún skyldi öðlast gildi frá 10. septbr. þ. á.
33. Endurskoðunarmenn sýslusjóðsreiknings Gullbringu- og Kjósarsýslu lögðu fram reikninginn og gjörðu þessar athugasemdir:
 - a. Sýsluvegagjald virðist oftalið um $\frac{1}{2}$ dagsverk, kr. 1,41 (Rosmhvalanesshreppur).
 - b. Eptirrit af ályktun sýslunefndarinnar um niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds og upphæð þess vantar.
 - c. Fyrir vegagjörðir samkvæmt fylgiskjölum 15—24 virtist of mikið talið til útgjalda 13 kr. 75 a. — Amtsráðið samþykkti reikninginn með þessum athugasemdum.
34. Eptir tillögu forseta og í tilefni af landshöfðingjabrjefi 23. febr. 1894 viðvíkjandi þeim hluta, er Austur-Skaptafellasýsla á í sjóðum, eignum og skyldum suðuramtsins og sem samkvæmt lögum nr. 17, 16. septbr. 1893 á að skiptast austuramtinu, tók amtsráðið þetta fram: að það legði það til, að það, sem suðuramtið ætti afgangskuldum, skyldi skiptast milli Austur-Skaptafellssýslu á aðra hliðina og Suðuramtsins á hina hliðina eptir meðaltali samanlagðra fasteignar- og lausafjárhundraða um síðastliðin 3 ár, og að það, sem Austur-Skaptafellssýsla kann að eiga tilkall til eptir þessari skiptingu, verði henni útlagt með skuldabryfum búnaðarskólasjóðs suðuramtsins eptir samkomulagi milli hlutadeigandi amtmanna. Jafnframt gat amtsráðið þess, að eign og skuldir suðuramtsins væru

I. Eignir:

- a. Búnaðarskólasjóðurinn (peningar og skuldabryf).
- b. Eptirstöðvar jafnaðarsjóðsreikningsins.
- c. Hvanneyri, jörð og hjáleigur, hús og byggingar, bú og búsmunir og útistandandi lán.

II. Skuldir:

- a. Skuldir til landssjóðs út af kaupum á Hvanneyri, byggingu þar og skólastofnun.
- b. Skuld til kirkjusjóðs fyrir kirkjubyggingu á Hvanneyri.

c. Skuldir, er hvíla á búinu á Hvanneyri.

d. Skuld amtsins út af byggingu Ölfusárbrúarinnar (kr. 10000,00).

Síðan var fundi frestað til næsta dags.

Næsta dag, 23. júní, kl. 11 f. háð., var fundur aptur settur og haldið áfram, og kom þá til umræðu:

35. Endurskoðunarmenn sýslusjóðs- og sýsluvegareiknings Borgarfjarðarsýslu 1893, lögðu reikningana fram, og voru þeir samþykktir með þessum athugasemdum:

A. Við sýslusjóðsreikninginn:

- a. Fylgiskjal nr. 22, kvittun fyrir 40 kr. yfirsetukonulaunum vantar, og ber að senda.
- b. Fylgiskjal nr. 28, kvittun fyrir 4 kr. til Hjalms Jónssonar í Þingnesi vantar, og ber að senda.
- c. Reikningshaldara ber að innheimta eptirstöðvar af sýslusjóðsgjaldinu, sem er útistandandi hjá hreppunum, einkum ef þær stafa frá fyrri árum, sem virðist eiga sjer stað.

B. Við sýsluvegasjóðsreikninginn:

- a. Fylgiskjal nr. 23, kvittun fyrir vegabótum í Skilmannahreppi, vantar, og ber að senda.
- b. Fylgiskjal nr. 25, kvittun fyrir greiddum skuldum varasjóðs, kr. 356,94¹/₂, vantar og ber að senda.
- c. Reikningshaldara ber að innheimta útistandandi eptirstöðvar af sýsluvegagjaldi hreppanna.
- d. Á aðalfundi 5.—6. júlí 1892 athugaði amtsráðið við sýsluvegareikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1891, að sú venja, sem virtist eiga sjer stað í þessari sýslu, að hreppsnefndum sje að nokkru leyti leyft að greiða sýsluvegagjaldið í vinnu, gæti eigi staðizt eptir vegalögunum, og að sú venja hefði skadlegar afleiðingar. Þar sem þessi venja virðist eigi enn alveg afnumin, þykir amtsráðinu ástæða til að endurtaka þessa athugasemd.

36. Í sambandi við yfirlýsingu amtsráðsins á síðasta fundi, ljet amtsráðið enn af nýju í ljósi, að því þætti mjög æskilegt, að kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo og kostnaði við sáttamálefni væri ljett af jafnaðarsjóði, og að kostnaður þessi yrði greiddur af landssjóði. Amtsráðið fól forseta sínum að bera þessi málefni fram við landsstjórnina.

37. Forseti lagði fram yfirlit yfir efnahag búnaðarskólans á Hvanneyri í fardögum 1894, með virðingargjörð yfir allar eigur skólans, og öðrum skýrslum um innieign og skuldir o. fl., úttektargjörð á hinnu nýbyggðu kirkju á Hvanneyri, reikning kirkjunnar fardagaárið 1892—1893, reikning skólabúsins 1893—1894, með skýrslum um fjárhag búsins, skýrslur um unnar jarðabætur skólans o. fl. Voru skýrslur þessar athugaðar, og sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson kosinn til að endurskoða reikninga skólans, og skyldi síðan prenta yfirlit yfir fjárhagsástand og efnahag skólans. — Um leið og forseti

65

skýrði frá kirkjubyggingu og ásigkomulagi húsa á Hvanneyri, stakk hann upp á því, eptir tillögum stjórnarnefndar skólans og áskorun bústjórans, að nú í sumar skuli lengja skólahúsið um 9 álnir, og verði haft bæði loft og kjallari í því, sem byggt verði, og að lán verði tekið til þessa, annaðhvort í landssjóði eða í bankanum, alls að upphæð 3000 krónur. Var þetta samþykkt, og var forseta falið að taka lánið, að fengnu samþykki landshöfðingjans, og að láta síðan framkvæma verkið.

Forseti lagði fram brjef frá skólanefndinni, dags. 11. þ. m., þar sem nefndin fer fram á, að keypt verði ýms áhöld til skólans, gjört við peningshús o. fl., og var forseta falið að láta framkvæma þetta, eptir því sem þörf krefði og fjárhagur skólans leyfði.

38. Amtsráðinu þykir nauðsyn til, að nákvæmt eptirlit verði haft með útflutningi á sauðfje, og felur forseta á hendur, að framfylgja ályktun amtsráðsins viðvíkjandi skoðun á útflutningsfje, er gjörð var á aðalfundi amtsráðsins 1892.

Fundarbók var því næst upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 27. júní 1894.

Kristján Jónsson,

settur.

66

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1893.

	Tekjur:	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1892		9,37
2. Landssjóðsstyrkur 1893		200,00
	Samtals kr.	209,37
	Gjöld:	
1. Fyrir umsjón með bókasafninu 1893		30,09
2. Fyrir brunabótagjaldið 18 ⁹⁴ / ₉₅		10,00
3. Fyrir bókband		81,65
4. Eptirstöðvar við árslok 1893		87,72
	Samtals kr.	209,37

Íslands vesturamt, Reykjavík, 30. apríl 1894.

Kristján Jónsson,

settur.